

SELJALANDSHVERFI, NÝTING JARÐHITA

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

MINNISBLAÐ – ÚRVINNSLA EFTIR KYNNINGU Á VINNSLUSTIGI

VERKNÚMÉR: 16165015 DAGS.: 25. febrúar 2025
HÖFUNDUR/RÝNIR: GPEy/EBK
DREIFING: Ísafjarðarbær

Umsagnir og athugasemdir við kynningu á vinnslutillögu ásamt tillögu að viðbrögðum

1 Kynning

Orkubú Vestfjarða (OV) áformar að hefja nýtingu jarðhita ofan Skógarbrautar í Seljalandshverfi. Ein af rannsóknarholum á svæðinu hefur nú þegar verið útbúin sem vinnsluhola (TD09) og unnið er að frekari rannsóknum, m.a. með borunum. Umrætt svæði er nú skilgreint sem svæði fyrir íbúðarbyggð í gildandi aðalskipulagi. Leggja þarf hitaveitulagnir að kyndistöðvum til að koma heitu vatni til notenda. Gert er ráð fyrir að dælustöð rísi á Torfnesi og dæluhús við Skógarbraut.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar eru að:

- Heimila nýtingu jarðhitavats af jarðhitasvæðinu í Tungudal til húshitunar á Ísafirði.
- Heimila stofnlagnir og dælustöð hitaveitu til að leiða jarðhitavatn frá uppsprettu í borholum innan svæðisins að kyndistöðvum Orkubús Vestfjarða á Tunguskeiði og við Mjósund.
- Skapa aðstöðu fyrir vinnslu og dælingu jarðhitavatsins við borholur í Seljalandshverfi.
- Heimila frekari jarðhitaleit innan svæðisins.
- Tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vandað verði til umhverfisfrágangs.



Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt frá 19. nóvember 2024 til 9. desember 2024. Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og í fleiri miðlum frá 13. desember 2024 til 18. febrúar 2025. Þann 17. janúar 2025 var opið hús á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar vegna skipulagsbreytingarinnar. Þann 4. febrúar 2025 sendi Ísafjarðarbær bréf til íbúa og þinglýstra eigenda fasteigna við Skógarbraut og Seljaland, þar sem skipulagsbreytingarnar voru kynntar. Umsagnir um vinnslutillöguna bárust frá sjö umsagnaraðilum og að auki ein athugasemd frá íbúa. Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum Skipulagsgáttina (skipulagsgatt.is). Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnin breyting á deiliskipulagi Seljalandshverfis.

2 Umsagnir, athugasemdir og tillaga að viðbrögðum

Alls bárust sjö umsagnir og ein athugasemd frá íbúa á kynningartímanum.

Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
8.1. 2025	Minjastofnun Íslands	Fornleifaskráning er frá árinu 2002 og uppfyllir því ekki staðla Minjastofnunar Íslands. Til þess að hægt sé að veita umsögn um málið þarf að uppfæra fornleifaskráningu.	Eftir samskipti skipulagsrágjafa og Minjastofnunar var niðurstaðan sú að ekki þarf að uppfæra fornleifaskráningu. Farið er fram á að gerðir verði könnunarskurðir áður en til framkvæmda kemur. Sjá nánar í tölvupósti frá Lísabetu Guðmundsdóttir hjá Minjastofnun til Gunnars Páls Eydals ráðgjafa. Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.
3.2. 2025	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við breytt skipulag.	Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.
3.2. 2025	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið ofangreinda vinnslutillögu vegna breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Seljalandshverfi, nýting jarðhita Ekki eru gerðar athugasemdir við ofangreinda tillögu.	Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
5.2. 2025	Landsnet	Landsnet gerir ekki efnislega umsögn, en vísar til umsagnar fyrirtækisins dags. 3. desember 2024.	Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.
7.2. 2025	Bolungarvíkur-kaupstaður	Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi	Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.
7.2. 2025	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun veitti umsögn á fyrri stigum og ítrekar hér að fyrirhuguð lagnaleið liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá, svæði 317: „Fjörur í Botni Skutulsfjarðar“ og nýtur hverfisverndar (H6). Um er að ræða víðáttumiklar, lífauðugar leirur með miklu fuglalífi. Ef ekki er unnt að finna aðra leið fyrir lagnirnar þarf að tryggja að raski verði haldið í lágmarki og vel verði gengið frá að framkvæmdum loknum. Þá þarf að tryggja að heitt affallsvatn berist ekki í Tunguá og út á leirurnar framan við ósa árinna.	Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá. Innan hverfisverndaða svæðisins verður gert ráð fyrir hitaveitulögn meðfram göngustíg og vegi. Ekkert affallsvatn verður frá virkjunarsvæðinu við Seljaland. Affallsvatn við kyndistöð/stöðvar verður um 15 °C og það fer í frárenniskerfi bæjarins. Bætt er við upplýsingum um affallsvatn í inngangi og umhverfismati greinargerðarinnar (kafli 4).
17.2.	Vegagerðin	Vegagerðin hefur kynnt sér tillögu skv. Skv. 31. gr. skipulagslögum nr. 123/2010. Stofnunin telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhugaðri breytingu og gerir ekki athugasemd.	Engar breytingar gerðar á skipulagstillögu.
17.2.	Björn Davíðsson	Ekki er gerð grein fyrir legu stofnlagnar út í dælustöð á Torfnesi og þaðan í kyndistöð á Eyrinni. Lagnaleið milli göngustígs og Skutulsfjarðarbrautar er í notkun undir Bolungarvíkurlínu 2 (66kV) auk háspennu- og ljósleiðaralagna. Mikilvægt er að skerða ekki frekar aðstöðu fuglalífs og einkar mikilvægt að fara ekki í framkvæmdir um hana á varptíma. Mikilvægt er að skoðuð verði samlegð með gerð fuglatjarnar enda heimilt skv. hverfisvernd H6 að fara í framkvæmdir til að endurheimta fyrri gæði s.s. lífríki. Er þar aftur bent á sbr. í lið 1.2 https://www.isafjordur.is/is/leit?q=Fuglatj%C3%B6rn Í umhverfismatsþætti má benda á jákvæðan þátt sem er möguleiki á að þegar/ef útisundlaug verður byggð á Torfnesi þá má nota affallið úr henni til að kynda fótboltavöllinn þar.	Hitaveitulögn er tilgreind á uppdrætti í greinargerð en hann takmarkast við innri hluta Skutulsfjarðar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nákvæma legu lagnar en tekið verður mið af öðrum lögnum og raski haldið í lágmarki, þ.m.t. á lífríki.



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
Annað			Bætt var við nánari upplýsingum um áhrif á vatn, hljóðsvist og ljósvist í samræmi við athugasemdir sem bárust um deiliskipulag Seljalandshverfis.